

Lög

um Örnefnastofnun Íslands.

1. gr.

Hlutverk Örnefnastofnunar Íslands er að safna íslenskum örnefnum frá öllum tímum þjóðarsögunnar og skrá þau og varðveita á aðgengilegan hátt eftir viðurkenndum fræðilegum kröfum á hverjum tíma. Þá skal stofnunin og starfsmenn hennar stunda og stuðla að fræðistörfum á sviði örnefnafræða, m.a. með fræðilegri útgáfu, og leggja rækt við náíð og virkt samstarf og samráð við aðrar stofnanir og einstaka fræðimenn, innan lands sem utan, er fást við hvers kyns fræði og starfsemi er örnefnum tengjast eftir því sem frekast má verða örnefnafræðum til eflingar. Stofnunin tekur þátt í fjölþjóðlegu samstarfi í örnefnafræðum eftir því sem fong eru á.

Stofnunin þjónar eftir megni öllum þeim er leita eftir upplýsingum og leiðbeiningum um hvaðeina er heyrir til fræðasviðs hennar og býður fram vinnuáðstöðu í því augnamiði eftir því sem aðstæður leyfa. Lögð skal áhersla á að almenningur geti aflað sér glögggra upplýsinga um örnefni, fræðirit í safni stofnunarinnar og ýmsar aðrar heimildir á sviði örnefnafræða, m.a. með tilstilli nettengingar um tölvur. Þá skal stofnunin styðja við kennslu í örnefnafræðum eftir því sem henni verður komið á við Háskóla Íslands eða á öðrum vettvangi.

2. gr.

Örnefnastofnun Íslands tekur til varðveislu öll örnefna- og heimildasöfn sem nú eru geymd í Örnefnastofnun Þjóðminjasafns og tekur jafnframt við öllum eignum þeirrar stofnunar.

Auk þess fjár sem veitt verður til stofnunarinnar á fjárlögum ár hvert er henni heimilt að afla sértekna, m.a. fyrir verkefni eftir samkomulagi við tiltekna aðila, svo sem sveitarfélög og félagasamtök.

Stofnuninni er heimilt að semja svo um, eftir því sem fé fæst til, að tiltekni aðilar, einstaklingar eða stofnanir, er búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði örnefnasöfnunar, annist afmörkuð söfnunar- og skráningarstörf fyrir stofnunina sem verktakar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Örnefnastofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður skipaður að tilnefningu þjóðminjaráðs, annar að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður stjórnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin vinnur, ásamt forstöðumanni, að stefnumörkun og hefur eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni forstöðumann til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og fræðilega reynslu á vísindasviði er tengist örnefnafræðum. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar í samráði við stjórn hennar.

Ágreiningi, er varðar ákvarðanir stjórnar stofnunarinnar, verður skotið til menntamálaráðherra að hætti stjórnsýslulaga.

4. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að mæla fyrir um að Örnefnastofnun Íslands hafi nánar tiltekin rekstrar- eða aðstöðutengsl, svo sem um bókhald og húsnæði, við aðra stofnun er undir ráðuneyti hans heyrir sé það talið hagkvæmt.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Örnefnastofnunar Íslands.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1998. Frá sama tíma leggst af Örnefnastofnun Þjóðminjasafns sem sett var á stofn með bréfi menntamálaráðherra frá 23. júní 1969.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er menntamálaráðherra heimilt að skipa stjórn stofnunarinnar fyrir þann tíma sem þar er greindur og hlutast til um að starf forstöðumanns verði auglýst laust til umsóknar með þeim hætti að unnt verði að ráða hann frá 1. ágúst 1998 og að stjórninni gefist áður tækifæri til að láta ráðherra í té umsögn sína um umsóknir um það starf. Verði þessi heimild notuð er stjórn stofnunarinnar ekki ætluð önnur starfsemi fram til hins almenna gildistökudags laganna.

Þeim starfsmönnum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, er starfa þar við gildistöku laga þessara í heimiluðum stöðugildum, skal gefinn kostur á sambærilegum störfum við Örnefnastofnun Íslands.

Samþykkt á Alþingi 16. mars 1998.